

## Umsögn um frumvarp um kvótasetningu á grásleppu , mars 2023

Ég vill byrja á að taka fram að ég er mótfallinn kvótasetningu á grásleppu en lítið hefur svo sem verið hlustað á þá sem eru ekki hlyntir kvótasetningu á tegundinni og tel ég því litlar líkur á því að byrjað verði á því núna. Það er ekkert sem kallar á það að tegundin sé sett í kvóta annað en það að þeir sem telja sig fá úthlutað takmörkuðum gæðum beint inn á sinn efnahagsreikning hafa verið að kalla fast eftir því að svo verði gert . Fastast hafa þeir kallað sem telja sig fá mjög mikla úthlutun. Sagan segir okkur að kvótasetning mun enda með samþjöppun eins og í öllum

öðrum tegundum sem settar hafa verið í kvóta með þeim afleiðingum að takmörkuðu gæðin safnast á örfáa staði á landinu og örfáar útgerðir með tilheyrandi hnignun á þeim stöðum þar sem samþjöppunin mun ekki fara fram. Þetta er gömul saga og ný því þetta hefur verið gert oft áður eins og allir vita og allir vita afleiðingarnar og einhvertímann verðum við að læra af reynslunni. Með kvótasetningu er verið að búa til takmörkuð gæði og takmörkuð gæði eru verðmæt þeim sem fá þau úthlutað en skerðing á frelsi ,tækifærum og mannréttindum þeirra sem fá þau ekki.

Verði það þó svo að þetta frumvarp verði að lögum er mikilvægt að tekið verði tillit til nokkurra þátta til að gæta sanngirnis. Viðmiðunarárin 2014 til 2019 ætti að gefa góða mynd af dreifingu á grásleppuveiðum á Íslandi eftir svæðum þar sem einstök ár hafa verið sumum svæðum erfið við grásleppuveiðar sum árin en öðrum svæðum góð og svo öfugt. Með löngu viðmiðunartímabili eins og er í frumvarpinu frá 2014 til 2019 ætti að nást sem eðlilegust landfræðileg dreifing á aflamarki á grásleppu komi til þess að frumvarpið verði að lögum og dreifingin verða meiri en ella sem ætti að teljast gott. Of knappt viðmiðunartímabil gefur ekki endilega rétta mynd af veiðanleika tegundarinnar eftir svæðum og því er gott að viðmiðunarár nái yfir þetta tímabil sem lagt er til í frumvarpinu frá 2014 til 2019. Margir aðrir þættir sem snúa að eðli grásleppuveiða í gegnum tíðina styðja jafnframt við langt viðmiðunartímabil eins og lagt er til í frumvarpinu svo sem þeim staðreyndum að sum ár hafa markaðsaðstæður og veðurfar stjórnað því hvort útgerðir fari til veiða öll ár eða ekki. Stundum hefur hreinlega verið erfitt að selja grásleppuafurðir og það hefur stýrt ásókn í veiðarnar meira en margt annað. Það er gott að dreifing þess aflamarks sem úthlutað verður komi til þess að frumvarpið verði að lögum verði sem allra mest og nái til sem allra flestra bæði landfræðilega og í fjölda útgerða. Of stutt

viðmiðunartímabil myndi stuðla að samþjöppun strax í upphafi lagasetningarinnar. Eins mætti setja hámark á úthlutun til að fletja út dreifingu aflamarksins því það er verið að úthluta takmörkuðum gæðum og því þarf að fylgja einhverjum takmörkunum á því hversu mikið einstökum útgerðum verður úthlutað.

Til að gæta alls sanngirnis verður að taka tillit til þeirra sem keyptu sér grásleppuleyfi árið 2020, 2021 eða 2022 og að þær útgerðir fái möguleika til að skapa sér veiðireynslu á sín grásleppuleyfi jafnt við aðra og fái til þess 3 viðmiðunar ár sem byrja ættu að telja árið eftir að þessi leyfi voru keypt og hafi t.d sá sem kaupir leyfi 2022 árin 2023,2024 og 2025 til að afla sér veiðireynslu. Að öðrum kosti ætti að setja lágmarks úthlutun á þessi leyfi sem keypt eru eftir viðmiðunarárin og taka þá mið af meðaltali á úthlutun þeirri sem fram fer á hvert leyfi.

Það er samt mín von að grásleppuveiðar verði áfram í sóknarmarki eins og verið hefur og skora ég á stjórnvöld að búa svo um hnútana að svo verði áfram. Sóknarmarkskerfið á grásleppu má eflaust laga til muna og sníða af því þá vankanta sem grásleppusjómenn hafa talið upp í gegnum tíðina og gera kerfið þá jafnframt nýliða vænna með einhverjum hvötum og úrbótum og fýsilegra fyrir þá sem eru í því nú þegar sem hlýtur að telja öll grásleppuleyfi sem gefin hafa verið út á landinu. Taka mætti t.d fyrirkomulag Grænlandinga til fyrirmyndar við stýringu grásleppuveiða þar sem hverju svæði er úthlutað visst magn eftir fjölda báta. Þannig koma þeir í veg fyrir að eitt svæði klári allt aflamark veiðiársins því veiðar á svæðunum standa ekki yfir á öllum svæðum á sama tímabili frekar en hér heima og öll svæði fá jafnt vægi eftir fjölda báta á svæðunum. Taka mætti Norðmenn til fyrirmyndar með hvata til nýliðunnar í sjávarútvegi.

Stjórnvöld ættu að gjalda varhug við því að kollvarpa kerfinu með aflamarksetningu einungis til að svara kalli þeirra sem óska eftir því að sér verði úthlutað takmörkuð gæði beint inn á sinn eigin efnahagsreikning á kostnað núverandi og framtíðarkynslóða.

Vigfús Ásbjörnsson smábátasjómaður